



ÁRSSKÝRSLA 2012

M10
ára
MÍMIR
símenntun



GÆÐAVOTTUN
FRÆDSLÚADILA

Ársskýrsla 2012
Ábyrgðarmaður: Hulda Ólafsdóttir
Ritstjóri: Þórhallur Vilhjálmsson
Hönnun og umbrot: Þorfinnur Sigurgeirsson
Ljósmyndir: Jón Páll Vilhelmsson, Þorfinnur Sigurgeirsson
Prentun: Svansprent



ÁRSSKÝRSLA 2012

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar	2
Frá formanni stjórnar	4
Frá forseta ASÍ	5
Inngangur framkvæmdastjóra	7
Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	8
Þróunarverkefni	13
Náms- og starfsráðgjöf	16
Raunfærnimat	17
Tölfræðilegar upplýsingar	18
Almennur rekstur	20

STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR



Í stjórn Mímis-símenntunar sitja: Frá vinstri: Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurrós Kristinsdóttir, *formaður*, Herdís R. Magnúsdóttir, Linda Baldursdóttir og Ólafur Darri Andrason.



Aðalheiður Sigurjónsdóttir
deildarstjóri
Fjölmenning og frístundir



Anna Kristín Gunnarsdóttir
deildarstjóri
Fræðsludeild og ráðgjafadeild



Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir
gjaldkeri
Rekstrardeild



Anna Sólveig Sigurðardóttir
móttaka og skráning
Fjölmenning og frístundir



Anney Þórunn Þorvaldsdóttir
verkefnastjóri
Fræðsludeild



Elín Júlíana Sveinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi
Ráðgjafadeild



Erna Björk Gestsdóttir
skrifstofa og skráning
Fjölmenning og frístundir



Harpa Hrönn Frankelsdóttir
verkefnastjóri (afleysing)
Rekstrardeild



Hjördis Kristinsdóttir
bókhald
Rekstrardeild



Hulda Ólafsdóttir
frankvæmdastjóri



Ingibjörg Stefánsdóttir
verkefnastjóri
Fræðsludeild



Ingunn Guðmundsdóttir
deildarstjóri
Rekstrardeild



Irma Matchavariani
verkefnastjóri
Fjölmenning og frístundir



Kristín Eyjólfsdóttir
verkefnastjóri
Fjölmennt



Kristín Lóa Viðarsdóttir
verkefnastjóri
Rekstrardeild



Lilja Rós Óskarsdóttir
verkefnastjóri
Fræðsludeild



Selma Kristjánsdóttir
verkefnastjóri
Fjölmenning og frístundir



Sólborg Jónsdóttir
deildarstjóri
Fjölmenning og frístundir
(í fæðingarorlofi)



Vala S. Valdimarsdóttir
verkefnastjóri
Fjölmenning og frístundir



Þór Sigurjón Ólafsson
umsjónarmaður
Rekstrardeild



Þóra Friðriksdóttir
náms- og starfsráðgjafi
Ráðgjafadeild



Þorbjörg Halldórsdóttir
verkefnastjóri
Fræðsludeild



Þórhallur Vilhjálmsson
kynningar- og upplýsingafulltrúi
Rekstrardeild



Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir
náms- og starfsráðgjafi
Ráðgjafadeild

FRÁ FORMANNI STJÓRNAR



Sigurrós Kristinsdóttir, formaður stjórnar

Á tíu ára afmælisdegi Mímis-símenntunar þann 19. desember sl. veitti mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, Mími-símenntun viðurkenningu sem framhaldsfræðsluadili, samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsfræðslu frá árinu 2010. Þann sama dag veitti Fræðslumiðstöð atvinnulífsins Mími Evrópska gæðamerkið EQM, sem er vottun á fræðslustarfsemi. Þetta eru mikilvægir áfangar í starfi Mímis. Ég vil líta svo á að viðurkenning menntamálaráðuneytisins á Mími-símenntun sem fræðsluadila á grundvelli laga um framhaldsfræðslu sé einmitt viðurkenning fyrir starf okkar í stéttarfélögum og meðal samstarfsaðila. Það á reyndar einnig við um gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á grundvelli EQM. Stóra markmiðið okkar allra er að lyfta grundvelli starfsmenntunar í landinu og hvetja starfsfólkið í fyrirtækjunum til að afla sér aukinnar menntunar.

Styrkur Mímis felst í miklum tengslum við atvinnulífið og sveigjanleika sem gerir það að verkum að hægt er að þjónusta fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélög eftir þeirra þörfum og áherslum. Á árinu hélt Mímir-símenntun áfram að bjóða upp á námsúræði fyrir atvinnuleitendur. Í samstarfi Eflingar og Mímis var hrundið af stað nýju námi sem nefnt var Orkan fyrir pólska atvinnuleitendur. Þörfin var mikil og tókst því að koma á slíku námi fyrir þrjá hópa á haustönninni. Sérstök áhersla var lögð á íslensku. Nokkrir þátttakendur fengu fljótt störf með því að nýta sér þá íslensku sem þeir lærðu á námskeiðinu.

Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið um að ná hlutfalli fólks í atvinnulífinu sem ekki hefur lokið formlegu prófi úr framhaldsskóla úr rúmum 30% í 10% árið 2020. Stjórnendur Mímis hafa lagt áherslu á að styðja við þessa áætlun. Allir nemendur sem útskrifast úr námi frá Mími stuðla að því að lækka þetta hlutfall. Auk þess er fjöldi nemenda sem heldur áfram eftir nám hjá Mími inn í formlega skólakerfið, t.d. hefur fjöldi nemenda útskrifast úr menntastöðum og komist áfram í frumgreinadeildir háskólanna. Það er með stolti sem við fylgjumst með velgengni nemenda okkar í formlega skólakerfinu. Atvinnuleysið er ennþá mikið á Íslandi og er það áhyggjuefni. Það er hins vegar ánægjulegt að sjá hversu margir einstaklingar hafa nýtt sér tækifæri til náms og bætt stöðu sína á vinnumarkaði.

Mér er það mjög ofarlega í huga við áfanga sem þennan að við gætum aldrei unnið alla þá sigra sem við höfum fengið að njóta án þess starfsfólks sem hér starfar og það er fyrir dugnað þess og framsækni, frumkvæði og góðar hugmyndir sem okkur miðar svo vel.

Sigurrós Kristinsdóttir



MÍMIR-SÍMENNTUN 10 ÁRA



Gylfi Ásbjörnsson forseti ASÍ

Í tilefni af því að Mímir-símenntun ehf. er 10 ára um þessar mundir er rétt að líta yfir farinn veg. Í framhaldi af sameiginlegri stefnumörkun og síðan samkomulagi ASÍ og SA um hlutverk heildarsamtakanna á vinnumarkaði í mótun og framtíð fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar við aldamótin var ákveðið að gera róttækar breytingar á starfsemi Menningar- og fræðslusambands alþýðu sem starfað hafði óslitið frá 1938. Hlutverk MFA í skipulagningu félagslegrar fræðslu trúnaðarmanna og stjórnarmanna stéttarfélaganna var fært inn til Alþýðusambandsins og varð það að sérstakri deild hjá sambandinu, en framkvæmd hennar var um nokkurra ára skeið áfram hjá Mími-símenntun skv. sérstökum þjónustusamningi. Samhliða var Mímir-símenntun ehf. stofnað á grunni þess hluta MFA sem sneri að fullorðinsfræðslu og starfsmenntun ásamt tómstundanámskeiðunum sem voru meginhluti starfseminnar og sjálfstæði

þess á sviði menntamála aukið verulega. Því má segja að Mímir-símenntun eigi sér langa fortíð þrátt fyrir ungan aldur og hafi fengið í sængurgjöf áratuga uppbyggingar- og þróunarstarf verkalyðshreyfingarinnar í menntamálum. Enginn vafi er á því í mínum huga, að stjórn, stjórnendur og einkum og sér í lagi starfsmenn Mímis-símenntunar hafa tekið við þessu flaggi og farið vel með það. Markmið miðstjórnar og ársfundar Alþýðusambandsins með þessum miklu skipulagsbreytingum var að tryggja að hér yrði til það flaggskip þróunar og nýsköpunar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar sem gæti starfað við hlið og í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og skilað öllu launafólki á Íslandi mikilvægum verðmætum. Umsvif Mímis-símenntunar á menntasviðinu hafa aukist gríðarlega á þessum áratug en samhliða því hefur faglegt starf verið haft í fyrirrúmi og hvergi slakað á í þróun nýrra lausna. Mímir-símenntun hefur um árabíl verið viðurkennd símenntamiðstöð á höfuðborgarsvæðinu og fékk nýverið viðurkenningu sem fræðsluaðili og varð þannig ein af fyrstu símenntunarmiðstöðvunum á landinu til að fá þessa viðurkenningu. Þetta er að mínu mati mikilvægur áfangi í þróun fyrirtækisins, því til að fá slíka viðurkenningu þarf aðstaða til kennslu, skipulag náms, námskrár, þekking, reynsla, fjármál, tryggingar og gæðakerfi að vera í lagi. Það er því með mikilli ánægju sem ég óska Mími-símenntun til hamingju með afmælið. Ég þakka fyrir þessa miklu sigra og fyrir það að hafa staðið undir væntingum okkar.

*Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ*



M 10 ára MÍMIR símenntun





INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

Sveigjanleiki er eitt af aðalsmerkjum Mímis-símenntunar. Starfsfólk og stjórnendur leitast við að mæta þörfum atvinnulífsins hverju sinni og krefst það umtalsverðrar aðlögunarhæfni innan fyrirtækisins. Starfsemi Mímis hefur ekki farið varhluta af því að sveigjanleikinn er einnig dýr. Þegar atvinnulífið kallaði eftir þjónustu eins og gerðist með skyndilegri aukningu atvinnuleysis brást Mímir við með uppbyggingu starfsafla, reynslu og þekkingu. Með stolti hefur Mímir þjónustað atvinnuleitendur sl. ár. Stefnumbreyting stjórnvalda um nýjar áherslur í virkniúrræðum fyrir atvinnuleitendur hafði í för með sér að eftirspurn Vinnuárástofnunar eftir námsúrræðum minnkaði um 70% árið 2012 frá fyrra ári þótt atvinnuleitendum hafi fækkað mun minna. Þessi lækkun á viðskiptum nemur um 15% af tekjum ársins og skýrir að hluta taprekstur Mímis sem er um 7% af veltu.

Fleiri breytinga hefur orðið vart á eftirspurn eftir námi hjá Mími. Stöðugt fleiri einstaklingar óska eftir starfstengdu námi sem styrkir þá í starfi eða almennu námi sem hjálpar þeim inn í formlega

skólakerfið. Á sama tíma og eftirspurn eykst eftir formlegu námi hefur orðið minni eftirspurn eftir frístunda- og tungumálanámskeiðum, en þau námskeið eru á samkeppnismarkaði og njóta ekki opinberra styrkja. Fræðsluáðilar þurfa að aðlaga sig að þörfum og eftirspurn markaðarins. Í dag nálgast margir upplýsingar og fræðslu í gegnum netið (veraldarvefinn) en þar má nálgast margþætt fræðsluefni. Hugsanlega er þetta ein ástæða þess að fækkað hefur í frístundanámskeiðum Mímis. Leitast hefur verið við að mæta því með auknum tilboðum á námskeiðum til að efla færni fólks á tæknisviði til að nýta sér til upplýsingaöflunar.

Á árinu 2012 voru nýttir að fullu styrkir og sjóðir sem Fræðslusjóður úthlutaði Mími vegna vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Það er ljóst að eftirspurnin kallar á hærri úthlutun fyrir það viðamikla starf sem unnið er hjá Mími-símenntun ef takast á að svara eftirspurn atvinnulífsins í framtíðinni.

Almenn námskeið þar sem fólk sækir sér styrkingu í almennum bóklegum greinum hafa verið vaxandi hjá Mími sl. tvö ár en árið 2012 fækkaði nemendastundum þar um rúm 20%. Á móti kemur að nemendastundum í starfstengdu námi hefur fjölgað nokkuð og má það einkum rekja til þess að umtalsverð fjölgun varð á eftirspurn eftir námsleiðinni Skrifstofuskólinn. Mímir gerði samning við NTV um að kenna Skrifstofuskólann og þannig náðist til víðari hóps innan markhóps Mímis, sem er fólk með stutta formlega skólagöngu.

Þjóðfélag sem er í stöðugu breytingarferli þarf sveigjanleika og aðlögunarhæfni til að mæta nýjum og breyttum kröfum. Starfsfólk Mímis vinnur markvisst að því að mæta nýjum kröfum atvinnulífs og nemenda og er þegar hafin sókn til að mæta nýjum þörfum framtíðarinnar með áherslu á þjónustu við fólk með stutta formlega skólagöngu.

VOTTADAR NÁMSLEIÐIR FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS SEM Í BODI ERU HJÁ MÍMI-SÍMENNTUN



Aftur í nám 90 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftararfiðleika var einfaldlega afskrifað sem tossar eða annað þaðan af verra. Námskeið fyrir lesblinda, Aftur í nám, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku- og tölvukennslu, sjálfsstyrkingu og 40 einkatíma í aðferðum Ron Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa.

Umsögn nemanda: Frábært námskeið sem hefur hjálpað mér mikið. Þarna fann ég leið til að takast á við lesblinduna og allt sem henni fylgir, ég vildi að ég hefði vitað af þessu fyrr.

Döffmenntaskólinn 300 kennslustundir

Á árinu var boðið upp á Grunnmenntaskólann fyrir döff einstaklinga. Námsleiðin var aðlöguð að þörfum döff og kennd á táknmáli og með táknmáls-túlkum. Námsleiðin fékk nafnið Döffmenntaskólinn og var markmiðið að opna þessum einangraða hópi Íslendinga leið til áframhaldandi náms. Alls útskrifuðust 13 nemendur og hefur stór hluti þeirra nú hafið nám í formlega skólakerfinu.

Umsögn nemanda: Ég hafði ekki verið í skóla í 40 ár en það var frábær upplifun að hefja nám í Mími. Það veitti mér meira sjálfstraust að sumir kennaranna voru einnig heyrnarlausir.

Grunnmenntaskóli 300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, ein vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. náms-tækni, íslensku, framsögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu.

Umsögn nemanda: Hvers vænti ég af náminu í Grunnmenntaskólanum? Hlakkaði ég til eða kveið ég fyrir? Ég vænti þess að fá einhverja upp-rifjun á fyrra námi og styrkja sjálfstímynd mína. Þær væntingar stóðust fyllilega og vel það. Ég var haldin bæði tilhlökkun og kvíða. Ég hlakkaði til að takast á við eitthvað sem mig hefur lengi langað til að gera og kveið fyrir að gera það ekki nægilega vel. En nú þegar upp er staðið og ég veit að ég get þetta þá er ég búin að skrá mig í áframhaldandi nám í Menntastöðirnar. Ég hef öðlast miklu meira sjálfstraust í vetur og þakka ég ekki síst skólanum fyrir það. Ég hlakka til að takast á við námið næsta vetur og þakka fyrir mig.



Almennar bóklegar greinar

300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (Nám og þjálfun) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk náms-tækni eru kenndar lykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu.

Menntastoðir 660 kennslustundir

Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og háskólabróu Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og bókfærsla. Kostur er á því að ljúka Menntastöðum á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum.

Umsögn nemanda: Frábært framtak og góð kennsla. Fékk trú á að ég gæti lært. Mikil keyrsla en mjög skemmtileg.

Meðferð matvæla 60 kennslustundir

Markmið með námsleiðinni er að auka vitund um mikilvægi þekkingar og ábyrgð starfsmanna á lýðheilsu, sóttvörnum og gæðastöðlum, mikilvægi skipulags og eftirlits og örverum í matvælaíðnaði.

Námsleiðin, sem er stutt og afar hagnýt, hefur hlotið einróma lof þeirra sem tekið hafa þátt. Stór hluti námsins er verklegur. Meðferð matvæla hefur m.a. verið aðlöguð og kennd hópum með takmarkaða kunnáttu í íslensku.

Umsögn nemanda: Fékk mikið út úr námskeiðinu og kennslan var einstaklega fagleg. Námskeiðið gaf mér góða almenna þekkingu á þessari stóru atvinnugrein.

Jarðlagnatækni 300 kennslustundir

Tilgangur með náminu er að auka verk-gæði og draga úr mistökum við endurbætur, nýlagnir og viðgerð rafstrengja, vatns-, hita- og fjarskiptalagna og fráveitna í jörð. Verklegar lotur, heimsóknir á mismunandi vinnustaði, rökræður og umræður eru hluti námsins, auk verkefna í kennslustofu. Nemendur geta tekið próf sem afla réttinda til plastsuðu og til merkingar á vinnusvæðum. Fyrirtæki sem hyggjast bjóða í verk á vegum opinberra stofnana eða fyrirtækja standa í vaxandi mæli frammi fyrir kröfu um þau réttindi sem námsleiðin veitir.

Umsögn nemanda: Ávinningur af náminu var mikill og hann skilar mér réttindum sem ég hafði ekki áður. Nýtist mér strax að námi loknu.



Þjónusta við ferðamenn

– Færni í ferðaþjónustu 160 kennslustundir

Ferðaþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálpar og öryggismál, upplýsingaleit og –gjöf. Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin. Námsleiðin hefur verið aðlöguð fyrir og kennd Pólverjum og verið er að vinna að uppsetningu námsleiðarinnar fyrir aðra erlenda námshópa.

Umsögn nemanda: Þetta námskeið á eftir að nýtast mér vel í framtíðinni. Kennararnir voru mjög góðir og gott hvernig námið er tengt beint við það sem er að gerast í ferðaþjónustu í dag.

Vöruflutningaskólinn 300 kennslustundir

Fjöldi fólks hefur lokið þessu námi á vinnustað sínum og er árleg eftirspurn mikil. Tilgangur námsins, sem var í samstarfi við Samskip, er að efla faglega hæfni starfsmanna flutningafyrirtækja, bæði með bóklegu og verklegu námi. Meðal námsþátta eru: Samskipti og ábyrgð, íslenska, framsögn og tjáning, fyrirtækjabragur, rekstur, flutningafræði, markaðs-, sölumál og

þjónusta. Stærðfræði, gagnaöflun og töflureiknir. Vörumeðferð og tjón, tollamál. Vinnustaðanáam er stór hluti Vöruflutningaskólans.

Skrifstofuskólinn 240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn er mjög vinsælt og hagnýtt nám, þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og nýlega fékkst heimild menntamálaráðuneytisins til kennslu samkvæmt endurskoðaðri námskrá.

Nám fyrir fólk sem starfar við uppeldi, aðhlyningu og umönnun

Á árinu voru haldin fimm 100 kennslustunda fagnámskeið fyrir starfsmenn sem starfa við aðhlyningu og umönnun. Þrjú fagnámskeið 1 og tvö fagnámskeið 2.

Það er ánægjulegt að greina frá því að algengt er að fólk haldi áfram og ljúki námi af félagsliðabru sem er fjögurra anna nám með starfi við aðhlyningu og umönnun. Kennt er samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna. Námið er fyrir starfsfólk sem hefur náð 22 ára aldri, er með þriggja ára starfsreynslu við umönnun og hefur lokið 230 kennslustundum í starfstengdum námskeiðum



Þ.m.t. Fagnámskeiðum. Þrjú hópar stunduðu nám á félagsliðabré bæði á vor- og haustönn.

Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag var boðið upp á 56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða um heilabilun.

Fagnámskeið fyrir leikskóla I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í Leikskólaliðabré, sem er tveggja ára nám samhliða starfi, kennt samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla og öðlast þar með starfsheitið Leikskólaliði.

Nám fyrir fólk af erlendum uppruna

120 kennslustundir

Haldnir voru fjórir Landnemaskólar á árinu. Landnemaskólinn er nám þar sem nemendur læra meðal annars íslensku og samfélagsfræðslu.

Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag og VMST var pólskum atvinnuleitendum boðið upp á nám í Landnemaskólanum og Sterkari starfsmanni-upplýsingatækni og samskiptum sem er alls 270 kennslustunda nám. Þetta tilboð fékk heitið Orkan og voru haldnir þrjú bekkir á árinu. Vel tókst til og var ánægja með þetta nám meðal þátttakenda.

Starfsleitarnámskeið

Í samstarfi við Starf-vinnumiðlun og ráðgjöf hefur Mímir skipulagt og haldið starfsleitarnámskeið fyrir atvinnuleitendur. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga, annars vegar þurfa þeir sjálfstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald, hvatningu og að hann sé virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri til að ná til fólks í atvinnuleit og til að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. Námskeiðið hefur gengið mjög vel og framhald er fyrirhugað á samstarfinu.



Íslenska fyrir útlendinga

30 eða 60 kennslustundir

Á árinu 2012 voru haldin áttatíu og níu námskeið í íslensku. Íslenska var kennd á 6 stigum. Auk þess var boðið upp á sérstaka tal- og ritunarhópa. Í íslenskunni er áhersla Mímis ávallt lögð á fjölbreyttar kennsluáferðir, fjölmenningslega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu á móturmáli nemenda á átta mismunandi tungumálum. Fjöldi nemenda í hverjum hópi er á bilinu 8-14. Námskeið eru haldin að morgni, degi og á kvöldin. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðumat til að finna út hvaða stig hentar best, þátttakendum að kostnaðarlausu. Hjá Mími er hægt að taka íslenskupróf vegna búsetuleysis til að sýna fram á þekkingu á málinu. Einnig er námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur boðið þessa þjónustu án endurgjalds.

Fjölmennt

Á árinu gerði Mímir-símenntun samning við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötluðu fólki tækifæri til að taka þátt í símenntun hjá Mími. Og þar með framfylgja stefnu Fjölmenntar þess efnis að stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar hjá sömu aðilum og ófatlað fólk eftir því sem kostur er. Á árinu voru

haldin 33 námskeið. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi og framlengingu á þessum samningi.

Frístunda- og tungumálanámskeið

Á árinu voru haldin tungumálanámskeið, námskeið í handverki og hönnun, myndlist, menningu, lífsstílnámskeið auk námskeiða um tölvur og tækni. Mikilvægt hefur þótt að bjóða frístundanámskeið þar sem oft er hægt að kveikja áhuga á frekara námi í gegn um frístundanám. Talsverður samdráttur varð á þátttöku í frístundanámskeiðum á árinu.

Yrkja 200 kennslustundir

Í samstarfi við Eflingu var boðið upp á einn hóp í náminu „Yrkja“ fyrir pólskar konur. Þetta er gagnlegt nám þar sem nemendur læra íslensku, samfélagsfræðslu, ensku, fjármálalæsi og fleira.

Ætlunin er að þróa þetta nám enn frekar bæði hvað varðar efnistösk og einnig fyrir fleiri hópa.

Íslenska og útivist/tölvur

100 kennslustundir

Í samstarfi við VMST voru á árinu haldin fjórtán námskeið fyrir atvinnuleitendur af pólskum uppruna. Annarsvegar voru haldin tíu námskeið í Íslensku og útivist og hinsvegar fjögur námskeið í Íslensku og tölvum. Í báðum námskeiðstegundunum voru 60 kennslustundir í íslensku.



PRÓUNARVERKEFNI



Styrkir frá þróunarsjóði framhaldsfræðslu 2012, verkefni til tveggja ára.

- Fjölmennning í námshópum Mímis. Markmið með verkefninu er að innleiða fjölmennningarlega stefnu innan Mímis sem tekur á öllum þáttum skólastarfsins.
- Nám á vinnustað. Efling lykilmæni og starfshæfni. Markmið með verkefninu er að:
 - þróa nýjar leiðir til að ná til starfsmanna á vinnustöðum sem hafa minnstu menntunina og erfiðast hefur reynst að hvetja til færnieflingar og starfsþróunar.
 - veita þátttakendum hvatningu og bjóða upp á nám sem miðar að því að styrkja lykilmæni í læsi, stærðfræði og ensku.
 - efla sjálfstraust þátttakenda til að takast á við frekara nám og auka líkur á áframhaldandi þátttöku á vinnumarkaði.
- Námsmat í Grunnmenntaskóla og Námi og þjálfun. Markmið með verkefninu er: Að þróa námsmat fyrir Grunnmenntaskólann og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum sem auðveldar gagnsæi námsins og mat þess inn í framhaldsskólann.
 - að hanna leiðbeiningabækling um námsmatsferlið í þessum námsleiðum.
 - að leita lausna um gerð rafræns námsmats. Áhersla lögð á nýjustu kenningar námsmatsfræða sem miða að því að gera nemandann meðvitaðan um námsferlið, að matið sé á uppbyggjandi nótum og ýti undir jákvæða sjálfsmynd hans.
- Grunnmenntaskóli fyrir innflytjendur. Markmið með verkefninu er: Að þróa aðferðir og námsefni innan námsskrár Grunnmenntaskólans til að koma til móts við hóp fullorðinna innflytjenda með stutta formlega menntun.



Styrkir til þróunarverkefna frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2012.

- Grunnám fyrir túlka af erlendum uppuna. Markmið verkefnisins er að hanna, tilraunakenna og leggja grunn að námsbraut fyrir túlka af erlendum uppruna sem ekki hafa lokið íslenskuprófi í samfélagstúlkun á háskólastigi.
- Greining á starfsmenntun pólskra atvinnuleitenda á Íslandi. Markmið verkefnisins er að framkvæma könnun á starfsmenntun meðal pólskra atvinnuleitenda. Á grunni niðurstaðna verður komið með tillögum að starfsmenntaúræðum og raunfærnimatsverkefnum fyrir þennan hóp.
- Grunnám í meðferð matvæla fyrir fólk með þroskahömlun. Aðlögun námsskrár FA „Meðferð matvæla“ og kennsla fyrir fólk með þroskahömlun.
- Hönnun, þróun og kennsla náms og þjálfunar fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Markmið verkefnisins er að rjúfa einangrun og styrkja þátttakendur persónulega, faglega og félagslega.
- Samþætting íslenskunáms og þjónustuliðanáms fyrir erlenda starfsmenn heilbrigðisstofnana. Markmið verkefnisins er að aðlaga námsleiðina „þjónustuliðar-grunnám“ með tilliti til þarfa starfsmanna sem hafa íslensku sem annað nám.
- Efling verkfærni- styrking undirstöðuþekkingar. Markmið verkefnisins er að leiða saman Mími-símenntun, samtök iðnaðarins, tæknifyrirtæki og framhaldsskóla við að undirbúa verkefni sem sýni fólki með stutta skólagöngu fram á þörf vinnumarkaðarins fyrir verk- og tæknimenntað starfsfólk og þau tækifæri sem eru til staðar.



Erlent samstarf

Mímir-símenntun er aðili að norrænu samstarfsneti um formlega fullorðinsfræðslu. Verkefni ársins 2012 var framhald vinnu við könnun á brottfalli úr fullorðinsfræðslunni í norrænu löndunum, auk undirbúnings að ráðstefnuninni *Námsumhverfi og fullorðinsfræðsla (Læringsmiljø og voksenundervisning)* sem haldin verður í Danmörku í október 2013.

Gæðastjórnun

Á árinu fékk Mímir Evrópska gæðamerkið „EQM-vottun á fræðslustarfsemi“ frá FA sem staðfest er af BSI á Íslandi. Það er byggt upp á verklagi og viðmiðum evrópska gæðamerkisins EQM (European Quality Mark).

Einnig hóf gæðateymi Mímis vinnu að endurbótum og uppsetningu ferla og gátlista fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins.

Gæðahandbók

Mikilvægur liður í því að tryggja enn frekar gæði í starfsemi fyrir nemendur, samstarfsaðila og starfsmenn er nýting gæðahandbókarinnar. Gæðateymi Mímis vinnur að því að gera gæðahandbók Mímis enn aðgengilegri starfsmönnum og þar með tryggja að hún sé ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu.

ABF í Norden

Framkvæmdastjóri Mímis situr í stjórn Norræna systursamtaka, ABF Norden, sem eru fræðslusamtök verkalyðsfélaga á norðurlöndum. Markmið samtakanna er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu. Framkvæmdastjóri tók þátt í hluta af viðamikilli einnar viku dagskrá á 100 ára afmæli ABF í Svíþjóð á árinu. Eins heimsótti hún Álandseyjar sem fögnuðu 30 ára afmæli ABF Åland. Stjórnarfundir voru haldnir í tengslum við þessi afmæli.



**GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUAÐILA**

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF



Náms- og starfsráðgjafar Mímis-símenntunar hafa hitt fjölmarga viðmælendur sem hafa komið bæði í einstaklings- og hópráðgjöf. Það hefur gengið vel að ná til ráðþega og eftirspurnin eftir viðtölum hefur verið mikil. Það hefur sýnt sig að markhópurinn hefur mikla þörf fyrir einstaklingsmiðaða ráðgjöf. Það hefur aukist að ráðþegar óski eftir viðtali af eigin frumkvæði, einnig hefur stuðningur við nemendur Mímis aukist töluvert. Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa snúið að:

- vali á námi og námskeiðum.
- aðstoð við skipulögð vinnubrögð.
- leiðir til að takast á við hindranir í námi og starfsleit.
- áhugasviðsgreiningu og greiningu á færni.
- ferilskrágerð, gerð starfsúmsókna, kynningar- og fyrirspurnabréfa.
- útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf.
- hvatningu, stuðningi og sjálfsefningu.
- raunfærnimati.

Til þess að efla gæði þjónustunnar og ná fram röddum notenda var send rafræn könnun á úrtak einstaklinga sem höfðu nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa á árinu 2012. Helstu niðurstöður voru þær að rúmlega 92% eru frekar eða mjög ánægð með þjónustu náms- og starfsráðgjafa, tæplega 92% töldu sig hafa fengið gagnlegar upplýsingar hjá náms- og starfsráðgjafa og um 90%

fannst ráðgjafinn hafa sýnt skilning og tekið mið af aðstæðum viðkomandi.

Umsögn úr þjónustukönnuninni:

„Fékk frábæra þjónustu, stórkostlegir námsráðgjafar, vel starfi sínu vaxnir og rúmlega það.“



RAUNFÆRNIMAT

Mat á raunfærni er staðfesting á þekkingu



Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífinu og skóla lífsins en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi eða atvinnuumsókn og leggja mat á frekari starfsþróun. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eflt sjálfstraust.


Á síðasta ári fóru tveir hópar í gegnum raunfærnimat í skrifstofugreinum á móti námsskrá skrifstofubrautar I í MK og tveir hópar fóru í gegnum raunfærnimat í verslunarfagnámi á móti námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Náms- og starfsáðgjafar hjá Mími gegna stóru hlutverki í raunfærnimati en þeir halda utan um matið, afla þátttakenda og sinna ráðgjöf í öllu ferlinu. Ráðgjafar tóku einnig þátt í raunfærnimati fyrir hljóðmenn í samstarfi við FA og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og undirbúningi raunfærnimats fyrir lagerstarfsmenn.

Umsögn þáttakanda:


„Ég er ánægð að hafa fengið tækifæri til að fara í raunfærnimat og finnst það stórt skref fyrir okkur sem hættum námi ung. Fá metna reynslu okkar á vinnumarkaði til styttingar á námi. Það er afar þroskandi og kannski nauðsynlegt að stíga út úr þessum örugga hring sem maður hefur haldið sig innan síðustu árin og hreinlega að henda sér út í djúpu lauginá.“

TÖLFRAÆDILEGAR UPPLÝSINGAR


Heildarfjöldi nemendastunda 2008–2012




Heildarvelta Mímis-símenntunar 2008–2012




Nemendastundir 2008–2012



Heildarfjöldi nemenda 2008–2012




Skipting nemendastunda eftir flokkum 2012







Íslenska og frístundanámskeið Nemendastundir 2008–2012




Íslenska og frístundanámskeið Aldursdreifing 2012




Almenn bókleg námskeið og starfsmennta- námskeið. Nemendastundir 2008–2012




Almenn bókleg námskeið og starfsmennta- námskeið. Aldursdreifing 2012



Náms- og starfsráðgjöf Fjöldi viðtala 2008–2012



Náms- og starfsráðgjöf Ráðþegar eftir aldri 2012





Almennur rekstur



Starfsfólk Mímis hefur stundum líkt rekstrarumhverfi fullorðinsfræðslunnar við rússíbana. Um rússíbanann vitnar rekstrarafkoma síðustu ára. Frá því í október 2010 hefur fullorðinsfræðslan á Íslandi starfað á grundvelli laga um framhaldsfræðslu. Stjórnvöld hafa unnið að því að efla menntunarstig þjóðarinnar ekki síst þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi. Vonir eru bundnar við að þessir þættir muni leiða til aukins jafnvægis í rekstrarumhverfi símenntunarmiðstöðva. Þessar tiltölulega ungu menntastofnanir þurfa á því að halda til að geta byggt sig upp með markvissum hætti.

Í framhaldi af afburðar afkomu ársins 2010 hefur rekstrarafkoma Mímis verið neikvæð bæði 2011 og 2012; gengið hefur verið á eigið fé. Slíka niðurstöðu er ekki hægt að búa við nema í mjög takmarkaðan tíma eða þar til eigið fé er búið. Viðbrögð Mímis við lakri afkomu ársins 2011 fólust í margvíslegum sparnaðaraðgerðum árið 2012. Sú stærsta fól í sér að ráða ekki nýtt fólk í stað starfsmanna sem hættu en það dugði ekki til. Áfram verður unnið að umbótum í rekstri en óhjákvæmilegt er að horfa líka til ytri þátta í rekstrarumhverfinu, þá sér í lagi fjárveitinga til starfseminnar sem verða að vera sanngjarnar.

Nemendur Mímis eru fullorðið fólk. Mímir vill búa þeim góðar aðstæður til náms þar með talið húsnæði sem skipulagt er með þarfir fullorðinna nemenda í huga, kennslu sem hentar fullorðnu fólki og tækjakost í samræmi við kröfur nútímans. Til að geta miðlað tækniþekkingu til nemenda þarf að

byggja upp aðstöðu, mennta starfsmenn til að kenna og hafa umsjón með tækjum. Tölvunotkun er tengd inn í kennslu fjölmargra námsgreina þar sem nemendum er kennt að nýta sér margvíslega tækni við námið. Sparnaðaraðgerðir mega ekki leiða til þess að kennslan verði gengisfelld aftur til gamalla aðferða.

Á undanförunum árum hefur tölvukerfi vegna nemendabókhalds verið þróað í samstarfi símenntunarmiðstöðva á landsvísu og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Kerfinu er ætlað að halda utanum stundaskrárgerð, stofubókanir og upplýsingar um nemendur. Því miður hefur ekki tekist þannig til að kerfið sé til hagræðingar við skipulag og utánúthald. Vonir standa þó til að úr því verði bætt.

Í lögum um framhaldsfræðslu er sett krafa um að framhaldsfræðsluáðilar sæki um viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Meðal atriða sem ráðuneytið metur sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með tilliti til náms fullorðinna. Mímir hefur hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem fræðsluáðili.

